

★ **Framúrskarandi.** Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni sem er meiri en ætlast er til.

✓ **Hæfni náð.** Nemandi nær færninni sem stefnt er að með fáar eða engar skekkjur.

◇ **Á góðri leið.** Nemandi er á góðri leið með að ná markmiðunum en verkefni ekki fullnægjandi.

○ **Þarfnast þjálfunar.** Nemandi hefur ekki fyllilega náð færninni sem stefnt er að. Lítil skilningur á viðfangsefninu.

✗ **Hæfni ekki náð.** Nemandi sýnir ekki færni í viðfangsefninu sem liggur fyrir. Verkefnaskil ófullnægjandi.

Hæfniviðmið lotunnar:

Að nemandi geti:

- Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.
- Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.
- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.
- Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.
- Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.
- Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.